

EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR	3
UM ATHVARFIÐ	
• Sagan	5
• Skilgreining á heimilisofbeldi	5
• Hlutverk Samtaka um kvennaathvarf	5
• Þjónusta	6
• Lífið í athvarfinu	7
• Börn í athvarfinu	7
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	9
• Komur í Kvennaathvarfið 2016-2017, fjöldi kvenna í viðtöl, í dvöl, fjöldi kvenna með börn/ án barna og heildarfjöldi barna. Hlutfall sem kemur í fyrsta sinn í dvöl, hlutfall kvenna með áverka við komu í dvöl, hlutfall dvalarkvenna með börn í dvöl og án barna, meðallengd dvalar og fjöldi íbúa í húsinu að meðaltali	
• Dvalartími kvenna. Flokkað eftir fjölda dvalardaga. •	
• Dvalartími barna. Flokkað eftir fjölda dvalardaga.	
• Ástæða komu í athvarfið, í dvöl eða viðtal. Andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, ofsóknir, morðhótun, ofbeldi gegn börnum, myndbirtingar.	
• Hlutfall kvenna í hverjum aldursflokki.	
• Tengsl kvenna við ofbeldismenn. Eiginmaður, sambýlismaður, fyrverandi eiginmaður, fyrrverandi sambýlismaður, kærasti, fyrrverandi kærasti, ættingi/kunningi/stjúpi, annar.	
• Hlutfall ofbeldismanna í hverjum aldursflokki	
• Þjóðerni ofbeldismanna. Ísland, Evrópa, Afríka, Ameríka, Asía.	
• Þjóðerni kvenna sem leituðu í athvarfið á árinu. Ísland, Evrópa, Afríka, Ameríka, Asía.	
• Samanurður á uppruna kvenna eftir því hvort þær leita í athvarfið til að koma í viðtal eða til að koma í dvöl.	
• Áverkar dvalarkvenna. Áverkar við komu og áverkar áður Líðan kvenna við komu. Vöðvabólgur, höfuðverkur, lystarleysi/ofát, þunglyndi, svefnleysi, ótti, þreyta, kvíði og sjálfsvígshugsanir.	
• Búseta kvenna sem leita í athvarfið. Reykjavík, Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Norðurland, Austurland, Suðurland, útlönd, ekki vitað.	
• Afdrif dvalarkvenna. Heim til ofbeldismanns, heim - ofbeldismaður farinn, heim - ofbeldismaður bjó ekki þar, ættingjar/vinir, nýtt húsnæði, sjúkrastofnun, úr landi, annað, ekki vitað, upplýsingar vantar.	
ÚR BARÁTTUNNI	18
LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI	21

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf og Sjálfseignarstofnunar kvennaathvarfsins var haldinn á Hallveigarstöðum 27. apríl 2017 kl. 17.

Þær Birna Þórarinsdóttir, Edda Ólafsdóttir og Elín Jónsdóttir höfðu árið áður verið kjörnar til tveggja ára. Fríða Bragadóttir hafði lokið sínu tímabili og gaf kost á sér áfram og einnig gaf Árni M Matthíasson, sem verið hafði varamaður kost á sér sem aðalmaður. Uppstillinganefnd lagði til að þau yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki. Uppstillinganefnd lagði einnig til að varamenn yrðu kjörnar þær Sabine Leskopf og Nadía Borisdóttir og var það samþykkt með lófataki. Í stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar voru kjörnar þær Guðrún Hallgrímsdóttir og Þórlaug Jónsdóttir og til vara þær Þórdís Guðmundsdóttir og Sigríður Stefánsdóttir. Elín Sigurðardóttir og Guðrún Elín Jónsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga. Hlutverk stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er skv lögum félagsins að móta stefnu athvarfsins. Hún er framkvæmdastýru og öðrum starfskonum athvarfsins bakland, bæði varðandi dagleg verkefni í athvarfinu og þátttöku í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Fríða Bragadóttir var kjörin formaður, Birna Þórarinsdóttir varaformaður, Elín Jónsdóttir gjaldkeri og Árni M Matthíasson ritari. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega, þó falla fundir niður í júlí, desember og í aðalfundarmánuðinum apríl. Haldinn var aukafundur stjórnar vegna undirbúnings stofnunar Arnrúnar íbúðafélags. Stjórnarfundir voru því 10 milli aðalfunda auk vinnufundar með starfskonum, en slíkir fundir eru orðnir reglulegir viðburðir, og er það mikið fagnaðarefni og hefur aukið og dýpkað skilning beggja hópa á störfum hvers annars.

Áfram er haldið að þróa og bæta innra starf í athvarfinu. Hafa framkvæmdastýra og starfskonur staðið í ströngu við að breyta og bæta framkvæmd viðtala og skráninga. Sett hefur verið upp ný og mikið endurbætt heimasíða og starfskonur hafa

farið á málþing og ráðstefnur, bæði héraðs og erlendis. Ráðgjafi frá athvarfinu er nú í Bjarkarhlíð einn dag í viku (var áður hálfan dag), aukið hefur verið við starfshlutfall félagsráðgjafa og ráðinn hefur verið lögmaður, sem er í athvarfinu einn dag í viku. Ráðgjöfum í húsinu var fjölgað um einn, úr fimm í sex og jafnframt var gerður samningur við ræstingafyrirtæki um vikuleg þrif í húsinu. Allt til þess gert að gera þjónustuna við konurnar okkar enn betri. Veigamikill þáttur í því að gera þessa auknu þjónustu mögulega eru hinar frábæru viðtökur sem verkefnið Vinir Kvennaathvarfsins hefur hlotið, en þar gefst einstaklingum kostur á að styrkja starfið með reglulegum mánaðargreiðslum.

Eitt verkefni sem ég vil gjarna nefna hér er fundur sem eini karlinn okkar í stjórn, hann Árni M Matthíasson, skipulagði í nóvember síðastliðnum. Þar bauð hann hópi vel valdra karla, áhrifamönnum á ýmsum sviðum samfélagsins, til fundar þar sem þeim var kynnt saga Samtaka um kvennaathvarf og starfið eins og það gengur fyrir sig í athvarfinu. Á fundinum spunnust góðar umræður og komu fram ýmsar hugmyndir. Við í stjórninni erum sammála um að það hljóti að vera gagnlegt að koma málefnum að hjá þeim mönnum sem fara með völd og áhrif í samfélaginu. Á teikniborðinu er að endurtaka leikinn fljótlega og þá með nýjum þátttakendum.

Húsnæðismálin eru þó þau mál sem mest hefur borið á þetta síðastliðna ár. Fína húsið okkar er, eins og við höfum áður rætt, að springa. Stöðug aukning er í aðsókn; dvalarkonum fjölgaði um 30 á síðasta ári frá árinu á undan og börnunum enn meira. Meðalíbúafjöldi á dag fór úr 18 í 23 og viðtölum fjölgaði um 100. Enn eru á döfinni nýjar framkvæmdir í húsinu, nú er verið að flytja skrifstofuaðstöðuna úr húsinu sjálfu og út í bílskúr en gömlu skrifstofunni og fundaraðstöðunni verður breytt í leikherbergi barnanna, gamla leikherberginu hafði áður verið breytt í svefnherbergi. Ein veigamesta ástæða þrengslanna er hið erfiða ástand á húsnæðismarkaði. Konurnar

okkar eiga enn erfiðara með en aðrir að fá leigt húsnæði, og eru erlendu konurnar þar í sérlega viðkvæmri stöðu. Því var alveg ljóst að eitthvað þurfti að gera. Úr varð að á vordögum var stofnað Arnrún íbúðafélag, sem mun standa að byggingu ódýrs leiguhúsnæðis fyrir konur sem lokið hafa dvöl í athvarfinu. Þar eiga þær að geta dvalið í öruggu húsnæði fyrirfram ákveðinn tíma á meðan þær byggja upp nýja tilveru. Að öðrum ólöstuðum verður að nefna Eygló Harðardóttur, fyrrum ráðherra, en án hennar hefði Arnrún aldrei orðið að veruleika. Hún hefur frá upphafi verið primus motor í því verkefni. Mikil var því lukka okkar þegar hún hafði ákveðið að hætta í stjórnmalunum og samþykkti að ráða sig til Arnrúnar sem verkefnisstjóra. Rétt er að leggja hér á það áherslu að Arnrún er sjálfstætt félag með sjálfstæðan fjárhag sem óháður er fjárhag Samtaka um kvennaathvarf og áætlanir gera ráð fyrir að verkefnið standi sjálft undir sér.

Lánið elti okkur svo enn uppi þegar þær stöllur Gróa, Elísabet og Guðný hjá Á allra vörum ákváðu að verkefni þeirra þetta árið yrði að styrkja Arnrúnu. Söfnunar- og auglýsingaátakið „Byggjum von um betra líf“ í hámingun á hún er hér

minni og setti kastljósið svo um munaði á starfsemi Kvennaathvarfsins. Sjónvarpskvöldið laugardaginn 23. september s.l. er svo öllum sem komu að algjörlega ógleymanlegt. Sú umhyggja, samkennd og kærleikur gagnvart konunum okkar og börnunum sem þar sveif yfir vötnum var einstök. Ennþá bólgna í mér hjartað þegar ég hugsa um þetta töfrakvöld, af þakklæti og gleði.

Það er því ljóst að verkefnið eru meira en næg og áskoranir fjölmargar. Sem betur fer búum við að afbragðs góðum hópi starfsfólks, stjórnarfólks, sjálfbóðaliða og velunnara kvennaathvarfsins, en mannauður er auðvitað grunnforsenda þess að svona starf geti skilað árangri.

Allt frá upphafi starfsemi samtakanna hefur það verið markmiðið að starfsemin verði að lokum óþörf. Það er ljóst að það mun ekki gerast alveg á næstunni. Þangað til munum við halda ótrauð áfram og Samtök um kvennaathvarf mun hér eftir sem hingað til standa vörð um heill og hagsmuni polenda ofbeldis í nánnum samböndum.

f.h. stjórnar Samtaka um kvennaathvarf
Fríða Bragadóttir, formaður



Frá afhendingu söfnunarfjár Á allra vörum.

Sagan

Stofnfundur Samtaka um kvennaathvarf var haldinn 2. júní 1982. Þar var ákveðið að opna athvarf fyrir konur sem ekki gætu búið heima hjá sér vegna ofbeldis og 6. desember sama ár var Kvennaathvarfið opnað. Samtök um kvennaathvarf voru í upphafi grasrótarsamtök en árið 1995 var horfið frá því fyrirkomulagi og mynduð formleg samtök. Árið 2010 var stofnuð sjálfseignarstofnun um húseign Kvennaathvarfsins en rekstur athvarfsins hélst óbreyttur.

Stjórn samtakanna er skipuð fimm aðilum og tveimur til vara. Stjórn er kjörin á aðalfundi samtakanna sem haldinn er í apríl. Þar eru einnig samþykktar grundvallarbreytingar á starfsemi samtakanna. Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega en oftast ef þurfa þykir. Þar hittast stjórn og framkvæmdastýra og bera saman bækur sínar en stjórnin ber ábyrgð á starfseminni í heild, tekur helstu ákvarðanir og leggur drög að starfi framkvæmdateymis.

Auk framkvæmdastýru starfa í athvarfinu vaktstýra, verkefnisstýra, rekstrarstýra, sex ráðgjafar og í hlutastarfi félagsráðgjafi og lögfræðingur.

Heimilisofbeldi

Notkun á hugtökunum heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum er nokkuð frjálst þar sem hvort tveggja er notað til skiptis í almennu tali og oft í víðu samhengi. Í þessari umfjöllun verður notast við orðið heimilisofbeldi. Ekki er munur á hugtökunum eins og þau eru skilgreind hér. Um er að ræða ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers nákomins, skyldum eða tengdum, eins og maka, barni, foreldri, barnsföður, systkini eða forráðamanni sínum. “Maki” getur verið núverandi eða fyrrverandi eiginmaður/eiginkona, kærasti/kærasta eða sambúðaraðili. Polandi og gerandi þurfa hvorki að búa saman né vera gift til að ofbeldi flokkist sem heimilisofbeldi.

Heimilisofbeldi þarf heldur ekki að vera bundið við heimili geranda eða þolanda.

Heimilisofbeldi getur verið af margvíslegum toga og í hverju tilfelli er oft er um fleiri en eina tegund ofbeldis að ræða. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt, auk ýmis konar hegðunar sem felur í sér ógn, hótun, stjórnun og/eða þvinganir. Sérstaða heimilisofbeldis felst í því að gerandi og þolandi tengjast nánnum böndum sem gerir ofbeldið enn sársaukafyllra en ella, auk þess að gera þolanda erfiðara um vik að slíta tengslum við ofbeldismanninn.

Heimilisofbeldi er skilgreint sem kynbundið ofbeldi en það er þegar ofbeldi er beint gegn þolanda vegna kynferðis viðkomandi eða ofbeldi þar sem yfirgnæfandi meirihluti þolanda er af tilteknu kyni.

Rannsóknir sýna að um 30% kvenna í heiminum hafa upplifað heimilisofbeldi af hálfu maka. Af þeim sem búa við ofbeldið hafa 42% hlotið áverka af völdum þess (WHO). Konur sem búa við heimilisofbeldi eru líklegri til að þróa með sér astma, liðagigt, mígreni, meltingartruflanir, króníska verki, kvíða, þunglyndi, áfallastreituröskun og svefntruflanir heldur en þær konur sem ekki búa við slíkar aðstæður. Þær eru einnig líklegri til að upplifa vandamál tengd meðgöngu og fæðingu. Konur sem búa við heimilisofbeldi þurfa mun meira á aðstoð heilbrigðiskerfisins að halda vegna þess hversu víðtæk áhrif ofbeldið hefur á heilsu þeirra. Þar að auki búa konurnar oft við skert lífsgæði, meðal annars einangrun og glötuð tækifæri á menntun eða starfi.

Hlutverk Samtaka um kvennaathvarf

Hlutverk Samtaka um kvennaathvarf er að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis, fyrir konur sem hefur verið nauðgað og fyrir kvenkyns þolendur mansals. Jafnframt sinnir athvarfið viðtalsþjónustu við konur sem búa eða hafa búið



við ofbeldi, rekur símaþjónusta sem er opin allan sólarhringinn og býður upp á sjálfshjálparhópa. Hlutverkinn eru misstór og margþætt, því auk ofantalinna er hlutverk Kvennaathvarfsins að auka og efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi, einkum í því skyni að auka skilning í samfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess. Jafnframt að stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þolendur.

Þjónusta

Oftast er einhver fyrirvari á komu kvenna og barna í Kvennaathvarfið. Lagður er metnaður í að taka vel á móti þeim og gefa þeim góðan tíma svo stuðningur athvarfsins nýtist sem best. Eftir fremsta megni er reynt að koma til móts við allar konur sem eru þolendur ofbeldis, þó er, í einstaka tilfellum, ekki hægt að taka á móti konum í dvöl vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu eða ef andlegt eða líkamlegt ástand þeirra er þannig að stuðningurinn sem athvarfið býður upp á er ekki nægjanlegur eða ekki viðeigandi. Konum er bent á önnur úrræði séu þau talin henta betur. Heimilisfangi Kvennaathvarfsins er haldið leyndu eftir því sem kostur er enda eiga konur að finna þar öryggi og skjól.

Þjónusta sem konur fá meðan þær dvelja í athvarfinu:

- Regluleg viðtöl meðan á dvöl stendur

- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun
- Fræðsla um ofbeldi og afleiðingar þess
- Aðstoð við uppbyggingu og sjálfsstyrkingu
- Aðstoð við að komast í samband við stofnanir sem geta aðstoðað þær við að taka næstu skref

Þjónusta fyrir konur sem ekki dvelja í athvarfinu:

- Ráðgjafar- og stuðningsviðtöl
- Sjálfshjálparhópar
- Símaráðgjöf

Jafnframt veita starfskonur Kvennaathvarfsins ýmiskonar fræðslu um heimilisofbeldi, eðli þess og afleiðingar.

Lífið í athvarfinu

Í Kvennaathvarfinu ríkir algjör trúnaður um það sem fram fer á milli dvalarkvenna og starfskvenna. Unnið er samkvæmt þeirri hugmyndafræði að konan sé sérfræðingur í sínum málum og að hún þurfi aðeins tímabundna aðstoð til að takast á við aðstæður sínar og byggja upp líf án ofbeldis. Konum eru veitt stuðningsviðtöl á meðan á dvöl stendur og einnig fá þær oft mikið út úr samskiptum við aðrar dvalarkonur með svipaða reynslu.

Starfskonur og dvalarkonur skipta með sér húsverkum. Í húsinu ríka fáar en mikilvægar húsreglur sem miða að því að sambúð kvenna og barna gangi sem best. Reglur gilda um háttatíma barna og reynt er að skapa öryggi og festu í starfinu svo dvölin verði árangursrík. Kvennaathvarfið er fallegt og heimilislegt hús þar sem reynt er að líkja eftir venjulegu heimilislífi og allar leggja sitt af mörkum til að vel gangi.

Dvalarkonur eru hvattar til að gefa sér tíma í athvarfinu til að ná áttum, hvílast og styrkjast. Þær fá aðstoð við að komast í samband við þá aðila sem geta hjálpað þeim við næstu skref svo sem lögreglu, félagsþjónustu, lögfræðinga og aðra fagaðila. Eftir að dvöl í athvarfinu lýkur geta konur



Frá afhendingu viðurkenningar Barnaheilla. Aðstandendur Kvennaathvarfsins ásamt forseta Íslands.

áfram komið í stuðningsviðtöl eða tekið þátt í sjálfshjálparhópum til að styrkja sig enn frekar.

Börn í athvarfinu

Mæður bera ábyrgð á börnum sínum á meðan dvöl stendur, en starfskonur og sjálfbóðaliðar athvarfsins sinna börnunum líka eftir því sem aðstæður leyfa.

Börn sem náð hafa sex ára aldri fá viðtöl hjá ráðgjöfum þar sem þau fá upplýsingar um athvarfið, fræðslu um ofbeldi og tækifæri til að tjá sig um líðan sína. Þeim eru kynntar húsreglur barna og sýnd teiknimyndin Tölum um ofbeldi sem Kvennaathvarfið lét gera í þessu skyni.

Reynt er að auðvelda börnum komu og dvöl í Kvennaathvarfinu og við athvarfið starfar góður hópur sjálfbóðaliða sem sér um afþreyingu fyrir

börnin. Barnastarfið er skipulagt út frá stöðunni í húsinu hverju sinni og miðar að því að börnin fái tilbreytingu og upplifi skemmtilegar stundir. Sjálfbóðaliðarnir velja afþreyingu í samræmi við aldur barna og aðstæður hverju sinni, oft er farið út, til dæmis í Húsdýragarðinn, í bíó, á róló eða í sund auk þess sem leikhúsin í borginni hafa verið iðin við að bjóða á sýningar. Ef aðstæður bjóða ekki upp á útveru er aðstaða innanhúss til að vera með börnin í ýmsum verkefnum svo sem að leika, spila eða mála. Starf sjálfbóðaliðanna er mikilvægur þáttur í starfsemi Kvennaathvarfsins og til þess fallið að auka lífsgæði barnanna sem þar dvelja. Einnig miðar þjónusta sjálfbóðaliðanna að því að mæðurnar í athvarfinu fái tíma fyrir sig sjálfar og að því að skapa ró í húsinu um stund.

KOMUR Í KVENNAATHVARFIÐ 2016 - 2017

	2016	2017
Allar komur í athvarfið	624	637
Fjöldi koma í viðtöl	508	489
Fjöldi koma í dvöl	116	148
- Koma í fyrsta sinn í dvöl	50%	54%
- Áverkar við komu í dvöl	22%	23%
- Dvalarkonur með börn	43%	41%
- Dvalarkonur án barna	57%	59%

Heildarfjöldi íbúa

Konur	116 (60%)	148 (59%)
Börn	79 (40%)	103 (41%)
Samtals	195	251

Meðallengd dvalar

Konur	28	31
Börn	41	35


Meðaltals földi íbúa á dag

Konur á dag	9	13
Börn á dag	9	10
Samtals íbúar á dag	18	23


Konur geta leitað til athvarfsins annars vegar til að koma í viðtal hjá ráðgjafa en hins vegar geta konur komið í dvöl í athvarfið.

Árið 2017 voru skráðar 148 komur kvenna í dvöl í Kvennaathvarfinu, í 61 skipti þar af kom konan með barn með sér í dvöl. Þar fyrir utan komu 257 konur í samtals 489 viðtöl án þess að til dvalar kæmi. Margar konur koma oftár en einu sinni, einkum þær sem koma í viðtöl en í heildina leituðu 405 konur og 103 börn í athvarfið á árinu. Alls leituðu konur 637 sinnum í athvarfið, ýmist í viðtal eða í dvöl. Kvennaathvarfið er í samstarfi við Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis en í Bjarkarhlíð tóku starfskonur Kvennaathvarfsins viðtöl við 119 þolendur heimilisofbeldis.


Aðeins fleiri konur voru að koma í fyrsta sinn árið 2017 miðað við árið á undan og fleiri konur voru með áverka við komu í dvöl árið 2017 miðað við árið 2016. Færri konur komu með börn með sér í dvöl árið 2017 en árið á undan. Heildarfjöldi kvenna og barna í dvöl var hærri árið 2017 en 2016 og að meðaltali lengdist dvöl kvenna um þrjá daga en meðallengd dvalar hjá börnum styttest um sex daga miðað við árið á undan. Að meðaltali dvöldu 23 íbúar í athvarfinu á degi hverjum allt árið 2017, 13 konur og 10 börn, en fjöldi dreifðist mjög misjafnlega yfir árið.



Lítill breyting er á fjölda dvalardaga milli ára en nokkuð fleiri konur dvöldu einungis í einn dag á árinu 2017 miðað við árið 2016.




Ef allir dvalardagar allra barna sem dvöldu í athvarfinu árið 2017 eru lagðir saman gerir það 3.652 daga í heildina, en dagarnir voru 3.232 árið á undan. Börn dvöldu í athvarfinu í að meðaltali 35 daga en það er sex dögum styttri meðaldvöl en árið 2016. Yngstu börnin komu í athvarfið beint af fæðingardeildinni, nokkurra daga gömul en það elsta var 15 ára.




Við komu í Kvænnaathvarfið eru konur spurðar um ástæðu þess að þær leita þangað. Langflestar nefna fleiri en eina ástæðu, þær sem nefna líkamlegt ofbeldi nefna til dæmis nánast alltaf andlegt ofbeldi líka enda er andlegt ofbeldi óhjákvæmilegur fylgifiskur líkamlegs ofbeldis.

Við fyrstu komu í Kvænnaathvarfið eru konur spurðar að því hvað hafi ráðið því að þær komu einmitt þann dag sem þær komu. Flestar segjast

hafa komið í kjölfar einstakra ofbeldistilfella en þó ekki endilega fyrsta tilfellis eða þess grófasta, aðrar segjast hafa komið í leit að ákveðnum upplýsingum, þær langi til að vinna úr sínum málum, fá hjálp, ráðgjöf og stuðning. Þó segja reyndar flestar að mælirinn hafi einfaldlega verið fullur, þær séu komnar með nóg, vilja losa sig úr aðstæðunum og geta ekki meira.




Árið 2017 komu í Kvænnaathvarfið 405 konur á aldrinum 17-77 ára. Meðalaldur var 37 ár. Stúlkur sem ekki eru orðnar 18 ára koma stöku sinnum í viðtöl eða jafnvel dvöl án mæðra sinna og eru þá skráðar sem konur í komuskýrslum. Stúlkur undir 18 ára dvelja þó ekki í athvarfinu nema með samþykki forráðamanna.



Árið 2017 komu fleiri konur í athvarfið vegna núverandi sambýlismanns, fyrirverandi eiginmanns eða fyrirverandi kærasta miðað við árið á undan. Færri komu í viðtal eða dvöl árið 2017 vegna núverandi kærasta eða núverandi eiginmanns.

ALDUR OFBELDISMANNA



Ofbeldismennirnir voru á aldrinum 17-81 árs á þeim tíma sem konurnar komu í athvarið. Meðalaldur þeirra var 40 ár, þremur árum hærri en meðalaldur kvennanna sem leitaði til athvarfsins á árinu 2017.

UPPRUNI OFBELDISMANNA 2014 - 2016

	2017	2016	2015	2014
Ísland	67%	69%	79%	78%
Evrópa	21%	16%	12%	13%
Afríka	6%	5%	3%	2%
Ameríka	3%	2%	1%	2%
Asía	3%	8%	5%	5%

Konur sem koma í viðtöl eða dvöl eru beðnar að skilgreina þjóðerni ofbeldismannanna. Ofbeldismennirnir koma frá 35 löndum, 67% eru Íslendingar, 21% frá öðrum Evrópulöndum og 12% frá löndum utan Evrópu.


UPPRUNI KVENNA 2012 - 2017

	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Ísland	68%	69%	73%	68%	68%	66%
Evrópa	19%	14%	11%	14%	16%	17%
Afríka	4%	7%	4%	3%	5%	5%
Ameríka	3%	3%	4%	6%	4%	5%
Asía	6%	7%	8%	9%	7%	7%


Konur sem koma í viðtöl eða dvöl eru beðnar að skilgreina þjóðerni sitt og árið 2017 komu konur frá 38 löndum í Kvennaathvarfið. Árið 2017 voru 68% kvenna sem þurftu að nýta sér þjónustu Kvennaathvarfsins íslenskar, 19% komu frá öðru Evrópulandi en Íslandi og 13% komu frá löndum utan Evrópu.

Hlutfall erlendra kvenna er hærra í Kvennaathvarfinu en úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður en íslenskar konur tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að vanda séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum. Hátt

hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Samkvæmt rannsókn Hildar Guðmundsdóttur vaktstýru Kvennaathvarfsins á aðstæðum kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið er mikill munur á upplifun og aðstæðum kvenna eftir landfræðilegum uppruna vegna reglugerðar um frjálst flæði vinnuafis innan EES. Staða þeirra sem koma frá löndum innan EES er að sumu leyti heldur auðveldari en hinna sem stundum eru háðar maka varðandi íslenskt atvinnuleyfi.




Hlutfall kvenna af erlendum og íslenskum uppruna sem leitar í athvarfið hvort heldur í viðtöl eða í dvöl er það sama árið 2017 og árið á undan.




Við komu í dvöl í athvarfið á árinu 2017 voru 23% kvenna með líkamlega áverka en 48% höfðu einhvern tíma hlotið líkamlega áverka í sambandinu.

Hlutfall kvenna sem höfðu kært ofbeldið þegar þær komu í athvarfið árið 2017 var 18% en var 21% árið á undan. Nokkrar til viðbótar kærðu ofbeldið á meðan þær dvöldu í Kvennaathvarfinu eða í framhaldi af komu þangað en upp úr stendur að minnihluti brotþola kærir ofbeldið. Það kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknar sem Velferðarráðuneytið lét gera á líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum en þar sögðust 13% kvenna sem beittar höfðu verið ofbeldi hafa kært síðasta ofbeldistilfelli til lögreglu. Í rannsókninni voru konur jafnframt spurðar um ástæður þess að þær höfðu ekki kært og nefndu flestar að þeim hafi ekki þótt

ofbeldið nógu alvarlegt. Konurnar sem koma í Kvennaathvarfið nefna gjarnan sömu ástæðu; telja ofbeldið ekki hafa verið nógu alvarlegt eða að þær hafi átt einhvern þátt í því. Aðrar segja það erfiða ákvörðun að leggja fram kærú á hendur einhverjum svo nákomnum auk þess sem þær eru oft dauðhræddar við ofbeldismennina og óttast að ofbeldið muni aukast í kjölfar þess að þær leggi fram kærú. Afdrif heimilisofbeldismála í dómskerfinu hvetja konur heldur ekki til að sækja rétt sinn. Starfskonur Kvennaathvarfsins þrýsta ekki á konur að kæra en veita ráðgjöf varðandi kæruférlid og hjálpa konum til að sjá alvarleika ofbeldisins. Einnig fá konur aðstoð við að komast í samband við lögregluna óski þær þess og margar hitta lögreglukonu sem er tengiliður Kvennaathvarfsins við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.




Pegar spurt er um líðan kvenna við komu í Kvennaathvarfið kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra hefur þjáðst af margskonar andlegum og líkamlegum kvillum vikunnar á undan.



Eins og árið á undan komu flestar konur frá Reykjavík en hlutfall kvenna frá sveitarfélögum af höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur jókst töluvert miðað við árið á undan.

Kvennaathvarfið er eina athvarfið sinnar tegundar á Íslandi og þjónar því landinu öllu. Konur utan af landi fá gjarnan aðstoð frá

félagsþjónustunni í sínu sveitarfélagi til að komast í Kvennaathvarfið en þó er ljóst að erfiðara er fyrir konur fjarri höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þjónustu athvarfsins. Konum sem ekki hafa tök á því að koma í viðtöl eru boðin símaviðtöl og einnig leita konur í vaxandi mæli eftir ráðgjöf í gegn um tölvupóst.



Á árinu 2017 fóru flestar konur úr dvöl í athvarfinu í nýtt húsnæði (30%) en 20% fóru til ættingja eða vina. Færri konur fóru úr landi eftir dvöl árið 2017 en árið á undan, og sömuleiðis fóru færri konur heim þar sem ofbeldismaðurinn var fainn af heimilinu. Alls fóru 17% kvenna heim til ofbeldismannsins að dvöl lokinni.

Árið 2017 var viðburðarríkt ár í Kvænnaathvarfinu. Að undanskildum daglegum störfum ber líklega hæst stofnun Arnrúnar húsnæðissjálfsseignarstofnunar sem stefnir að því að opna á næsta ári millistigshúsnæði fyrir konur á leið úr dvöl í athvarfinu. Var mikil undirbúningsvinna unnin á árinu, sjálfsseignarstofnuninni komið á fót, fengin lóð hjá Reykjavíkurborg og unnið að fyrstu teikningum og skipulagsdrögum. Í september urðum við þeirrar gæfu aðnjótandi að verkefnið Á allra vörum safnaði fjármunum til styrktar húsbýggingunni. Seld voru varalitasett til styrktar málefninu og átakinu lauk með söfnunardegi á RÚV. Við höfum ekki tölu á öllum þeim manneskjum sem komu að átakinu Á allra vörum og munum aldrei getað fullpakkað þeim en án þess fjármagns sem safnaðist þar er ólíklegt að draumurinn um fjölbýlishús hefði orðið að veruleika.

Eitt af markmiðum Samtaka um kvænnaathvarf er að efla fræðslu og umræðu um heimilisofbeldi og nýta starfskonur athvarfsins hvert tækifæri til þess að vinna að því. Á síðasta ári var, að venju, rætt við nemendur fjölmargra

háskóla og framhaldsskóla auk kynninga í ýmsum virkniúrræðum, á vinnustöðum og hjá félagasamtökum. Einnig tókum við þátt í fjölmörgum málþingum og fundum þar sem heimilisofbeldi var á dagskránni, svo sem á fundi velferðarnendar Alþingis og borgarstjórnar Reykjavíkur. Jafnframt sóttu athvarfið heim hópar fagfólks af ýmsum sviðum, fulltrúar erlendar sendiráða og félagasamtaka víða úr heiminum og fjölmargir einstaklingar héðan og þaðan. Hópur starfskvenna athvarfsins fór á ráðstefnu um heimilisofbeldi í Porto í september en að auki tók framkvæmdastýra þátt í ráðstefnu um ofbeldi gegn börnum í Osló og Haag. Í september komum við að ráðstefnunni Nordiske kvinner mot vold í Reykjavík. Að auki kappkosta starfskonur að taka þátt í innlendum viðburðum sem lúta að heimilisofbeldi svo sem ráðstefnum og fundum, 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi og baráttufundi á alþjóðlegum baráttudegi kvænna.

Samtök um kvænnaathvarf leitast við að vera í góðu samstarfi við stjórnvöld, fjölmiðla og önnur félagasamtök. Samtökin eiga fulltrúa í tveimur mansalsteymum á vegum velferðarráðuneytisins,



Tölum um ofbeldi - líka úti á landi; forvarnafundur í Fjarðabyggð.



Elísabet, Gróa og Guðný sem mynda teymið sem stendur fyrir söfnuninni Á allra vörum.

í ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkur, jafnréttisráði, velferðarvaktinni, stýrihópi verkefnisins Saman gegn ofbeldi, í teymi um málefni fólks af erlendum uppruna og í stjórn Bjarkarhlíðar.

Kvennaathvarfið var meðal þeirra sem stóðu að opnum Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, í mars og taka ráðgjafar úr athvarfinu viðtöl í Bjarkarhlíð tvisvar í viku, hálfan dag í senn.

Á árinu 2016 var tekið í gagnið nýtt vinnulag í athvarfinu með börnunum sem þar búa og hefur það verið styrkt og fest í sessi. Kvennaathvarfið fékk styrk úr Jafnréttissjóði til verkefnisins Tölum um ofbeldi – líka úti á landi sem miðar að því að undirbúa grunnskóla á landsbyggðinni undir það að ræða við börn um ofbeldi. Er þetta í annað sinn sem Jafnréttissjóður styrkir verkefnið og gerir styrkurinn okkur kleift að veita þessa þjónustu úti á landi, skólunum og öðrum samstarfsaðilum

að kostnaðarlausu. Tölum um ofbeldi – líka úti á landi byggir á teiknimynd athvarfsins, Tölum um ofbeldi sem hvetur börn til að segja frá ef þau búa við ofbeldi eða ef þeim líður illa heima hjá sér. Í verkefninu er fundað með starfsfólki skólanna og það undirbúið undir það að sýna nemendum myndina og jafnframt undir það að bregðast við því ef barn segir frá ofbeldi á heimili sínu. Heimsóknir eru skipulagðar í samráði við skólafólk á staðnum og sitja ýmsir fagaðilar, svo sem barnavernd og lögregla, fundi með starfsfólkinu til að gera grein fyrir sínu vinnulagi. Í ár fórum við í ferðir í Fjarðabyggð og til Vestmannaeyja auk þess sem verkefnið var kynnt á kennarapingi á Akureyri. Jafnframt var boðað til nokkurra funda í leik- og grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Í nóvember hlaut Kvennaathvarfið viðurkenningu Barnaheilla fyrir sérstakt framlag til mannréttinda



Frá heimsókn grískra félagasamtaka.

barna og fyrir að beina sjónum sínum í auknum mæli að þörfum og réttindum barna sem dvelja í athvarfinu.

Að venju barst Kvænnaathvarfinu liðsauki úr ýmsum áttum og er hlýhugur fólks í garð athvarfsins ómetanlegur. Sjálfboðaliðar koma í athvarfið eftir þörfum og sinna ómetanlegu starfi með konum og börnum. Vinum Kvænnaathvarfsins, sem er hópur fólks sem styrkir athvarfið mánaðarlega um upphæð að eigin vali fjölgar með hverju árinu og gerir okkur kleift að ráðast í ýmis

verkefni sem annars hefðu þurft að bíða. Meðal annars greiða vinir athvarfsins nú fyrir hlutastarf félagsráðgjafa, lögfræðings og verkefnastýru sem meðal annars vann nýja heimasíðu fyrir athvarfið. Einnig gerðu góðir styrktaraðilar okkur kleift að gera okkur glaðan dag við ýmis tækifæri, meðal annars var haldið skelfileg hrekkjavökugleði í athvarfinu, jólaball fyrir konur og börn sem höfðu dvalið hjá okkur á árinu og jólaveislu í hádeginu á aðfangadag. Allt þetta veitti okkar fólki mikla gleði og verður örugglega endurtekið.

Lykiltölur úr ársreikningi 2017

	2017	2016
Rekstrartekjur alls	186.882.588	105.095.051
Rekstrargjöld alls	122.870.501	99.423.379
Tekjuafgangur án vaxta	64.012.087	5.671.672
Hreinar fjármunatekjur	1.374.272	958.088
Tekjuafgangur ársins	65.386.359	6.629.760
Hrein eign í árslok:		
Kvennaathvarfið	101.002.971	35.616.612
Sjálfseignarstofnunin	142.387.676	142.387.676
	243.390.647	178.004.288

Rekstrartekjur alls hækka um 82 milljónir króna milli áráanna 2016 og 2017. Þar munar mest um gífurlega hækkun gjafa til athvarfsins en þær hækkuðu samtals um 78 milljónir en þar af nam hækkun vegna söfnunarátaksins sem kennt er við Vini athvarfsins 72 milljónum króna sem er til vitnis um þann mikla velvelja sem þjóðin sýnir athvarfinu og störfum þess. Styrkir opinberra aðila hækkuðu um 4 milljónir króna milli ára.

Rekstrargjöld hækkuðu um 24 milljónir króna milli áráanna 2016 og 2017. Þar af munar mest um hækkun launa en hún nam alls um 16 milljónum króna sem skýrist af fjölgun starfsmanna vegna aukinna verkefna og að nokkru vegna endurbóta á launakjörum. Þá hækkaði annar rekstrarkostnaður einnig eða um 8 milljónir króna sem skýrist einkum af tvennu. Annars vegar auknum fæðiskostnaði þar sem mun fleiri gistu í athvarfinu en árið á undan og hins vegar af kostnaði vegna nauðsynlegra endurbóta á húsnæði athvarfsins.

Hreinar fjármunatekjur hækkuðu um 40% miðað við árið á undan en þær námu 1,4 milljónum króna á árinu 2017.

Með hliðsjón af þessu hækkaði tekjuafgangur um 59 milljónir króna miðað við árið á undan. Sú sjóðsöfnun sem í þessu felst er þó tímabundin þar sem enn liggur ekki fyrir hvernig henni verður ráðstafað í þágu verkefna athvarfsins.

Fjárhagsstaða athvarfsins er sterk en laust fé nam alls um 101 milljón króna í árslok 2017. Hafa

verður í huga við mat á veltufjármunum alls, sem voru alls 185 milljónir króna í árslok 2017, að þar er meðtalin innstæða að fjárhæð rúmlega 75 milljónir króna vegna söfnunarátaks sem ráðist var í til styrktar fyrirhuguðum framkvæmdum. Þegar sérstök stofnun, Arnrún hses, hefur þær framkvæmdir á næsta ári, en hlutverk hennar er að reisa og reka áfangaibúðir til afnota fyrir skjólstæðinga athvarfsins, mun þeirri innstæðu skilað til stofnunarinnar.

Í árslok 2017 nam hrein eign Kvennaathvarfsins um 243 milljónum króna að meðtalinni hreinni eign sjálfseignarstofnunar þess. Í lok ársins á undan nam hrein eign 178 milljónum króna og skýrist aukningin af tekjuafgangi ársins.

Gjafir og styrkir 2017

Kvennaathvarfinu bærust á árinu margar góðar gjafir og styrkir. Þær komu frá félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum, ásamt styrkjum frá hinu opinbera og sveitarfélögum. Samtals námu þessi framlög til athvarfsins rúmlega 186 milljónum króna á árinu 2017 en voru alls um 105 milljónir króna árið á undan. Söfnunarátakið „Vinir athvarfsins“ skilaði miklu fé eða samtals um 84 milljónum króna. Er þessum aðilum öllum sérstaklega þakkað fyrir stuðninginn á árinu. Helsta sundurgreining gjafa og styrkja fylgir í töflum hér á eftir:

Ársreikningur

Sundurgreining	2017	2016
Vinir athvarfsins	83.636.917	11.329.222
Feministafélag Akureyrar	158.227	0
Kristnisjóður	300.000	300.000
Zontaklúbbur Embla	300.000	250.000
Inner wheel Umd. 136	100.000	0
Thomas Stranger	782.764	0
Artwork	1.000.000	0
Kvenfélag Garðabæjar	100.000	0
Landssamband slökkviliðsmanna	100.000	0
Valborg Árnadóttir	2.000.000	0
Lionsklúbbur Mosfellssveit	100.000	0
Reykjavíkumaraþon	264.963	199.806
Aagot Árnadóttir	1.000.000	0
Brekkustúka nr. 4 IOOF	400.000	0
Kvenfélag Selfoss	100.000	100.000
Zusim trúfélag	1.000.000	0
VR	500.000	0
Munum útgáfa	107.000	0
SFR	300.000	200.000
An ehf.	250.000	0
Landsvirkjun	300.000	0
Aðrir aðilar	1.852.767	4.431.643
	94.652.638	16.810.671

Sundurgreining	2017	2016
Ríkissjóður	75.750.000	72.365.000
Reykjavíkurborg	12.500.000	12.500.000
Garðabær	400.000	400.000
Seltjarnarnes	100.000	0
Hafnarfjörður	500.000	500.000
Ölfus	125.000	100.000
Borgarbyggð	100.000	50.000
Skagafjörður	75.000	75.000
Kópavogur	861.000	861.000
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	50.000	0
Mosfellsbær	250.000	150.000
Vogar	50.000	30.000
Akureyri	100.000	0
Flóahreppur	25.000	0
Hveragerði	120.000	180.000
Vestmannaeyjar	80.000	60.000
Akranes	250.000	200.000
Rangárþing	150.000	0
Eyjafjarðarsveit	150.000	0
Aðrir	0	280.000
	91.636.000	87.751.000